

Alþingi
Erindi nr. P 140/2004
komudagur 16.1.2011



Alþingi nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
B.t. Kristínar Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 9. janúar 2012
Tilv.: IRR11110235/19.1

Efni: Athugasemdir varðandi frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun

Innanríkisráðuneyti leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpi til breytinga á lögum um fjarskipti nr. 81/2003 og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 sem nú er til meðferðar hjá Umhverfis- og samgöngunefnd.

Í 9. gr. frumvarpsins er svohljóðandi ákvæði:

Við 61. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Óheimilt er að framleiða, markaðssetja, setja upp, gera við, nota eða hafa undir höndum búnað eða hugbúnað sem er hannaður eða aðlagður til að veita aðgang að rafrænni þjónustu í skiljanlegri mynd í gegnum skilyrt aðgangskerfi án heimildar þjónustuveitanda.

Er greininni ætlað að innleiða hluta tilskipunar 98/84/EB um lögvernd þjónustu sem byggist á eða hefur í sér fölginn skilyrtan aðgang (Conditional Access Directive), að því leyti sem hún hefur ekki þegar verið innleidd í íslensk lög en tilskipunin er innleidd í fjölmiðlalögum nr. 38/2011.

Hefur ráðuneytið orðið áskynja um að nýlega hafi gengið dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-403/08 og C-429/08*, þar sem m.a. er fjallað um tilskipun 98/84/EB um lögverndun þjónustu sem er byggð á, eða er fölginn í, skilyrtum aðgangi. Er í dómnum m.a. fjallað um að það gangi gegn meginmarkmiðum Sáttmálans um Evrópusambandið um frelsi til að veita þjónustu, að banna innflutning, sölu og notkun slíks búnaðar í löggjöf aðildarríkjanna og sé slík löggjöf andstæð 56. gr. sáttmálans, sem er hliðstæð 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá segir í niðurstöðu dómsins varðandi túlkun hugtaksins "ólöglegur búnaður" í skilningi tilskipunarinnar:

'Illicit device' within the meaning of Article 2(e) of Directive 98/84/EC of the European Parliament and of the Council of 20 November 1998 on the legal protection of services based on, or consisting of, conditional access must be interpreted as not covering foreign decoding devices (devices which give access to the satellite broadcasting services of a broadcaster, are manufactured and marketed with that broadcaster's authorisation, but are used, in disregard of its will, outside the geographical area for which they have been issued), foreign decoding devices procured or enabled by the provision of a false


name and address or foreign decoding devices which have been used in breach of a contractual limitation permitting their use only for private purposes.


Samkvæmt ofangreindu er orðalag ákvæðisins mun víðtækara en svo að það samræmist ofangreindri túlkun.

Þá hefur ráðuneytinu borist meðfylgjandi umsögn um frumvarpið frá Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi, þar sem vakin er athygli á því að umrædd grein stangist á við meðalhófsreglu, og gangi of langt, enda geti það í raun haft þær afleiðingar að bönnuð séu ýmis verkfæri sem notuð eru við forvarnarstarf á sviði tölvuöryggis, m.a. fyrir vírusvarnarfyrirtæki sem yrði samkvæmt ákvæðinu gert óheimilt að "hafa undir höndum" búnað eða hugbúnað líkt og þann sem hér um ræðir.

Er það mat ráðuneytisins að ekki sé ráðlegt að lögfesta ákvæði frumvarpsins sem er að finna í 9. gr. þess, er varðar innleiðingu umræddrar tilskipunar, að svo stöddu, nema því aðeins að gerðar verði viðeigandi breytingar á drögnum.

Tekið skal fram að ráðuneytið er að sjálfsögðu reiðubúið að aðstoða við breytingar á frumvarpinu ef óskað er eftir því.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbergur Björnsson


Vera Sveinbjörnsdóttir

Fylgiskj.: Umsögn FSFÍ vegna frumvarps til breytinga á fjarskiptalögum

* ECJ ruling In Joined Cases C-403/08 and C-429/08. Dómurinn er aðgengilegur á vefslóð:
<http://curia.europa.eu/juris/celex.jsf?celex=62008CJ0403&lang1=en&type=NOT&ancre=>

15. desember 2011

Athugasemdir FSFÍ vegna frumvarps til breytinga á Fjarskiptalögum
(Þingskjal 438 — 362. mál.)

Varðandi 8. gr.

1. Við fögnum því að í lögnum sé skýrt tekið fram að ekki megi persónugreina uppsöfnuð gögn. Við viljum leggja til að uppsöfnun gagna vegna þessa starfs sé eins lítil og mögulegt sé og strangar reglur gildi um aðgang að gögnum.
2. Jafnframt fögnum við því að leyfi til að greina innihald netumferðar sé ekki veitt á almennum fjarskiptanetum, en óskum eftir að skerpt sé á þessu atriði og skýrt betur hvaða net falla í þennan flokk. Mikilvægt er að huga að persónuöryggi allra sem nota netin sem hleruð eru, ekki bara starfsmanna viðkomandi fyrirtækja og stofnana heldur einnig þeirra sem eiga samskipti við þau net, gesta eða viðskiptavina sem kunna að nota netin. Það er nokkuð almenn venja og færast í vöxt að boðið sé upp á "gestanet" á mörgum vinnustöðum. Í þessu þarf líka að líta til miðlunarneta á borð við RIX, þar sem fjarskipti frá mörgum fyrirtækjum og einstaklingum fara um. Ómögulegt getur verið að tilkynna öllum sem eiga fjarskipti þar um um að verið sé að fylgjast með viðkomandi samskiptum.
3. Þótt sett sé bann við því að fylgst sé með fjarskiptanetum á þennan hátt án heimildar er hvergi minnst á viðurlög við því að það sé brotið gegn þeirri reglu. Þar sem búið verður um tæknilega getu til að fylgjast með netumferð á skipulegan hátt gæti orðið of auðvelt að virða persónuvernd að vettugi, sé það talið lítilvægt í tilteknum tilvikum, eða ef ákveðnir starfsmenn hafa tiltekin óprúttin markmið.
4. Í skýringum stendur "Vegna þeirra starfa á vegum CERT-ÍS sem kunna að snúa að skoðun gagna sem fara um netumdæmi þykir eðlilegt að gera þá viðbótarkröfu að þeir starfsmenn sem að því koma séu öryggisvottaðir af ríkislögreglustjóra, ...". Við tökum heilshugar undir þetta, en sjáum hvergi í lagatextanum útfærslu á þessu atriði.

Varðandi 9. gr.

Við teljum þetta ákvæði ganga mun lengra en eðlilegt getur talist.

Sérstaklega viljum við vekja athygli á því að þetta ákvæði gerir ólögleg mörg verkfæri sem notuð eru við forvarnarstarf ýmisskonar á sviði tölvuöryggis. Ákvæðið hindrar einnig eðlilega starfsemi vírusvarnarfyrirtækja (t.d. Friðrik Skúlason ehf.), en stór þáttur í þeirra starfi er að safna ýmisskonar spillikótum og greina, en samkvæmt þessu ákvæði yrði það lögbrot að fyrirtækið að hafa safnið undir höndum. Loks má leiða líkur að því að þetta ákvæði myndi gera mörg verkfæri CERT-ÍS hópsins ólögleg, því færa má rök fyrir því að nethlerunartæki sem geta m.a. safnað notendanöfnum og lykilorðum séu sérstaklega vel til þess fallin að fá aðgang að rafrænni þjónustu án heimildar þjónustuveitanda. Almennt sjónarmið FSFÍ er að varhugavert sé að banna tiltekin verkfæri á sviði nettæki og tölvutækni, heldur skuli löggjafinn fyrst og fremst leitast við að banna skaðlegar aðgerðir.

Fyrir hönd FSFÍ,
Bjarni Rúnar Einarsson
Smári McCarthy
Tryggvi R. Jónsson

